

Akureyrarbær
Bjarki Jóhannesson
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 30. nóvember 2017

Tilvísun: 201602042 / 3.1

Efni: Tillaga að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030

Akureyrarbær hefur, með erindi dags. 11. september 2017, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn þann 5. september 2017. Þann 6. nóvember sl. hittust á fundi með fulltrúum Skipulagsstofnunar, skipulagsstjóri Akureyrar, verkefnastjóri skipulagsmála og formaður skipulagsráðs bæjarins.

Skipulagstillagan samanstendur af: Sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:30.000, tveimur séruppdráttum í mkv. 1:10.000, annars vegar af Akureyri, þéttbýli og hins vegar af Hrísey og Grímsey og eru allir uppdrættir dags. 27. júní 2017, greinargerð dags. 5. september 2017 og umhverfisskýrslu dags. 19. ágúst 2017.

Með erindinu bárust umsagnir frá: Minjastofnun Íslands dags. 18. apríl 2017, Vegagerðinni dags. 19. apríl 2017, Umhverfisstofnun dags. 29. apríl 2017, Skógræktinni dags. 21. apríl 2017, Veðurstofu Íslands dags. 27. apríl 2017, Landsneti dags. 9. maí 2017, Norðurorku dags. 12. maí 2017, Skipulagsstofnun dags. 5. og 24. apríl 2017, Kirkjugarðaráði dags. 16. mars 2017, Hafnarsamlagi Norðurlands dags. 23. mars 2017, Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar dags. 19. apríl 2017, Dalvíkurbyggð dags. 6. apríl 2017, Grýtubakkahreppi dags. 17. apríl 2017, Svalbarðsstrandahreppi dags. 19. apríl 2017, Hörgársveit dags. 18. apríl 2017, Eyjafjarðarsveit dags. 18. apríl 2017, hverfisráði Hríseyjar dags. 19. apríl 2017, Háskólanum á Akureyri dags. 21. apríl 2017 og Knattspyrnufélagi Akureyrar dags. 20. apríl 2017. Ýmsar ábendingar og athugasemdir komu fram í þessum bréfum og hefur verið brugðist við hluta þeirra. Einnig barst afrit af tölvupóstum milli Víðis Gíslasonar og Trausta Jónssonar veðurfræðings vegna staðsetningar veðurstöðva dags. 23. og 24. apríl 2017.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hefur verið tillit til eftirfarandi athugasemda. Að öðrum kosti ber sveitarstjórn að birta athugasemdir Skipulagsstofnunar með tillögunni á auglýsingatíma. Í auglýsingu skipulagstillögunnar skal þá koma fram að tillagan liggi frammi ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar við hana.

„Rammahluti Aðalskipulags Akureyrar, Oddeyri“

Á bls. 6 í greinargerð segir: „Samhliða vinnu við aðalskipulagið er unninn rammahluti aðalskipulags fyrir Oddeyri. Það skipulag er samhljóða Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, en nánari útfærsla á því í samræmi við 4. mgr. 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þó svo að rammahlutinn hljóti staðfestingu á undan aðalskipulaginu fellur hann ekki úr gildi (undirstrikun

Skipulagsstofnunar), heldur skoðast sem nánari útfærsla aðalskipulagsins hvað varðar Oddeyrina.“

Skipulagsstofnun bendir á að þar sem rammahlutinn hefur verið staðfestur sem breyting á nógildandi aðalskipulagi mun hann, eins og aðrar breytingar á því, falla úr gildi þegar nýtt aðalskipulag hefur verið staðfest. Til þess að stefnumörkun rammahlutans geti haldið gildi sínu þarf að setja hana fram sem hluta af endurskoðuðu aðalskipulagi, annað hvort sem kafla í greinargerð eða í sér hefti (fylgirit) til staðfestingar að nýju, sem hluti af Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Vaxtarmörk þéttbýlis og afmörkun sveitarfélagsins

Skilgreina þarf vaxtarmörk þéttbýlis samanber aðgerð 3.2.1 í landsskipulagsstefnu óháð afmörkun þéttbýlisuppdráttarins.

Í kafla 3.1.2 Lögsagnarumdæmi í greinargerð segir: „Austurmörk Akureyrar eru miðlína Eyjafjarðar og miðkvísl Eyjafjarðarár.“ Skipulagsstofnun bendir á að stjórnsýslumörk sveitarfélaga miðast við 115 m út fyrir stórstraumsfjöruborð.

Ekki virðist fullt samræmi vera á milli sveitarfélagsmarka við Hörgárbyggð í framlagðri tillögu og í gildandi aðalskipulagi. Hér er átt við sveitarfélagsmörk Akureyrar í fjallendinu norðan skíðasvæðisins, þ.e. við Hrafnstaðaskálar og Hrafnstaðaá, sbr. texta á bls. 82 í tillögunni (ath. örnefnið gæti átt að vera Hrappsstaðir).

Framsetning í greinargerð og umhverfisskýrslu

Að mati Skipulagsstofnunar þarf að yfirfara greinargerð með tilliti til þess að öll stefnumörkun í einstökum málaflökum komi fram í stefnumörkunarluta tillögunnar, þ.e. í 2. kafla. Sem dæmi má nefna að í kafla 3.6.3 um göngu-, hjólréiða- og reiðstíga í forsenduhluta er sett fram almenn stefna um stígagerð í sveitarfélaginu auk tímaramma uppbyggingar kerfisins, en slíkt á betur heima í stefnumörkunarkafla 2.1.26 Vegir, götur og stígar. Í tillöguhluta aðalskipulags þarf að tilgreina helstu hjóla- og reiðleiðir og stofn- og útivistarstíga í sveitarfélaginu. Jafnframt er tilefni til að yfirfara greinargerð og umhverfisskýrslu m.t.t. þess að draga úr endurtekningum, t.d. nægir að fjalla í öðru hvoru heftinu um tengsl tillögunnar við aðrar áætlanir.

Stefnumörkun fyrir einstaka landnotkunarreiti

Í aðalskipulagstillögunni er nokkuð skýr almenn stefna varðandi íbúðarbyggð og íbúáþróun en hins vegar skortir stefnumörkun um einstaka reiti svo sem um umfang, yfirbragð og þéttleika byggðar og hvort á viðkomandi svæði megi gera ráð fyrir frekari uppbyggingu eða er fullbyggt. Bent er á að sameina mætti töflu á bls. 31-33 og á bls. 34 og 35 í greinargerð og jafnframt stækka skýringarkortin á bls. 34 til að gera þau læsilegri. Ef fyrir liggur húsnæðisáætlun er rétt að gera grein fyrir hvernig hún er tekin upp í aðalskipulaginu.

Stefna um aðra landnotkunarflokka og undirbygging hennar er mun rýrari og þar er almennt ekki gerð grein fyrir umfangi og yfirbragði eða stækkunar og þéttingarmöguleikum á einstökum reitum, heldur er meira eins og um sé að ræða skráningu á núverandi stöðu. Í grein 4.1.2 í skipulagsreglugerð kemur fram að grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags skal koma fram í aðalskipulagi, þ.e. hvað varðar landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur, þ.m.t. þéttleika byggðar. Að mati Skipulagsstofnunar vantar að gera betur grein fyrir umfangi og yfirbragði byggðar í skipulagsákvæðum fyrir einstaka landnotkunarreiti í aðalskipulagstillögunni.

Frístundabyggð innan þéttbýlis á Akureyri

Skipulagsstofnun bendir á að svæðin F3 Hlíðarendi og F4 skátaskáli eru skilgreind sem frístundabyggð en miðað við lýsingu á því sem þar skal fara fram (bls. 45) er eðlilegra að skilgreina landnotkunina sem verslun og þjónustu. Stofnunin leggur því til að skilgreiningu þeirra verði breytt.

Í stefnu um frístundabyggð segir m.a. : „Stök hús sem reist hafa verið utan aðal frístundasvæðis fá að halda sér en ekki er gert ráð fyrir frekari mannvirkjagerð utan svæðisins umfram það sem orðið er.“ Stofnunin bendir á að tilefni getur verið til að tiltaka hvort heimilar eru breytingar eða viðbætur við þessi stöku hús.

Stefna um gistingu

Á bls. 31 segir: „Heimildil[d] um íbúðarhúsnæði, sem sérstaklega er ætlað til útleigu ferðamanna, skal skilgreina[st] sérstaklega í deiliskipulagi.“ Að mati Skipulagsstofnunar þarf að skýra þetta ákvæði t.d. hvort hér er aðeins átt við heimild til að nýta íbúðir fyrir gistingu í atvinnuskyni, þ.e. gistingu sem er háð starfsleyfi og rekstrarleyfi (airbnb) eða hvort öll gistingu/skammtímaleiga, er háð heimild í deiliskipulagi?

Gera þarf grein fyrir fjölda gistirúma í sveitarfélaginu, gistinguáttanýtingu og áætlaðri þörf út skipulagstímabilið.

Athafnasvæði

Í umfjöllun um athafnasvæði á bls. 40 í greinargerð segir m.a.: „Almennt eru ekki heimilar íbúðir á athafnasvæðum nema þar sem sérákvæði reita leyfa. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, svo sem húsvarðaríbúðum og starfsmannaíbúðum, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990. Ekki er gert ráð fyrir starfsemi sem þarfnast mikils rýmis eða hefur í för með sér þungaflutninga:“

Skoða þarf hvort það sé ekki 4.mgr. 1. gr. laga um lögheimili sem hér er átt við.

Þar sem skipulagstillagan gerir ráð fyrir að hvorki starfsemi sem þarfnast mikils rýmis né starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga sé heimil á athafnasvæðum þarf að gera grein fyrir innan hvaða landnotkunarflokka/á hvaða landnotkunarreitum slík starfsemi er heimil.

Iðnaðarsvæði og virkjanir

Á svæðum 19, 121 og 122 fyrir virkjanir þarf að gera grein fyrir stærð (uppsett afl) og umfangi virkjananna. Skýrt þarf að vera hvort frekari framkvæmdir eru fyrirhugaðar á einstökum svæðum og setja um þær skipulagsákvæði. Vegna umfjöllunar á bls. 8 í umhverfisskýrslu um samræmi við rammaáætlun bendir stofnunin á að rammaáætlunin tekur aðeins til 10 MW virkjana eða stærri og því fellur 3,3 MW virkjun í Glerá ekki undir hana.

Hafnarsvæði

Í stefnumörkun um hafnarsvæði í kafla 2.1.7 þarf að koma fram stefna um leyfilegt umfang og yfirbragð á hverju svæði fyrir sig og hvort gert er ráð fyrir frekari framkvæmdum, svo sem hafnarframkvæmdum og/eða uppbyggingu húsnæðis/starfsemi. Að mati Skipulagsstofnunar er ekki hægt að setja fram opna stefnu um hugsanlegar landfyllingar í höfnum innan afmarkaðs ramma eins og sýnt er á þéttbýlisupprætti. Fjarlægja þarf bláar „ramma-merkingar“ sem eru utan um öll hafnarsvæðin á Akureyri og sýna afmörkun hafnanna eins og þær eru að viðbættum þeim landfyllingum sem bæjarstjórn hefur tekið ákvörðun um.

Fram kemur að gert er ráð fyrir allt að 30.000 m² landfyllingu fyrir (H2), hafnarsvæði við Leiruveg, nýja smábátahöfn auk þess sem önnur smábátahöfn er skilgreind í Sandgerðisbót (H4).

Íþróttasvæðið (Íþ2), Höepfnersvæði og Leiruvegur, er einnig smábátahöfn og þar er gert ráð fyrir 10.500 m² landfyllingu. Rökstyðja þarf þörf fyrir uppbyggingu þriðju smábátahafnarinnar og meta áhrif tillagnanna á umhverfið svo sem ásynd, náttúrufar og vatnsgæði en Pollurinn er í B flokki þ.e. lítt snortið vatn. Bent er á að smábátahafnir eru tilkynningarskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Gera þarf nánari grein fyrir stefnu um starfsemi, umfang og yfirbragð á svæðum H2 og Íþ2 að teknu tilliti til hindrunarflata flugvallarins, þ.m.t. hámarkshæð mannvirkja. Á skipulagsuppdráttum þarf að sýna landnotkunarreit svæðanna (H2 og Íþ2) með viðeigandi landnotkunarlit. Fjarlægja þarf „ramma-merkingarnar“ um þessi svæði eins og önnur hafnarsvæði, sbr. athugasemd hér að ofan.

Opin svæði

Í kafla 2.1.15 er fjallað um opin svæði og segir m.a. „Svæði fyrir útivist með stígum, áningastöðum og þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar“. Skýra þarf nánar hvað átt er við með þjónustu á forsendum útivistar. Um svæði OP2, Innbæ, segir í sérákvæðum: „Landfylling að hámarki 4 ha. Engin mannvirki mega ná upp í skilgreindan hindranaflet flugvallarins.“ Gera þarf nánari grein fyrir stefnu um starfsemi, umfang og yfirbragð á þessu svæði og sýna á skipulagsuppdrætti hvar landfyllingin er fyrirhuguð. Eðlilegt er að greina frá hámarkshæð mannvirkja á svæðinu vegna hindrunarflata.

Efnistökusvæði

Af umfjöllun á bls. 44 má skilja að skylt sé að deiliskipuleggja efnistökusvæði innan sveitarfélagsins. Bent er á að ef ítarlega er gerð grein fyrir efnistökkunni í aðalskipulagi er heimilt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli þess. Gera þarf nánari grein fyrir stefnu um efnistöku á hverju svæði, svo sem stærð svæðis, tegund efnis, efnismagn, tímalengd vinnslu og frágang að vinnslu lokinni, eftir því sem við á.

Vegir og götur

Að mati Skipulagsstofnunar ættu hljóðvistarkort og aðgerðaáætlun sem hafa verið unnin vegna Hringvegarins (kafla 2.1.26), að vera fylgiskjöl með aðalskipulaginu til upplýsingar fyrir almenning.

Í kafla 2.1.26 er sett fram stefna um stofn- og tengibrautir/vegir í sveitarfélaginu og segir að göngubrýr og undirgöng séu einnig sýnd á skipulagsuppdrætti. Ekki er að sjá í umfjöllun að gert sé ráð fyrir undirgöngum eða göngubrúum í skipulagstillögunni og tákni fyrir slík mannvirki eru ekki á þéttbýlisuppdrætti og þarf því að skoða þetta.

Á bls. 66 í greinargerð kemur fram að ein stofnbraut er skilgreind í Hrísey. Merkja þarf hana með viðeigandi tákni á skipulagsuppdrætti. Á bls. 67 segir „Jafnframt er kafla Hlíðarfjallsvegar frá Þingvallastræti/Hlíðarbraut að áður fyrirhuguðum gatnamótum við Síðubraut ekki lengur tengibraut.“ Lagfæra þarf tákni á þéttbýlisuppdrætti.

Á bls. 67, þar sem segir „Samt sem áður er skilið eftir bil í íbúðarsvæði ÍB22 þannig að mögulegt sé...“. Hér mun vera átt við ÍB23 skv. þéttbýlisuppdrættinum. Þetta þarf að lagfæra.

Á bls. 67 kemur fram að ein tengibraut sé í Grímsey og þarf að merkja hana með viðeigandi tákni á skipulagsuppdrætti.

Ákvörðun um vegi í náttúru Íslands

Við gerð aðalskipulags eiga sveitarfélög að gera tillögu að vegum í náttúru Íslands, öðrum en þjóðvegum, þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, með eða án takmarkana. Skipulagsstofnun beinir þeim tilmælum til sveitarfélagsins að með aðalskipulagstillögunni verði gengið frá uppdrætti og skipulagsákvæðum í samræmi við 32. gr. laga um náttúruvernd. Tillaga

sveitarstjórn verður síðan tekin upp í vegaskrá Vegagerðarinnar, þegar aðalskipulagið hefur verið staðfest.

Flugvellir

Í stefnumörkun um flugvöllina þrjá þarf að gera grein fyrir hindrunarflötum/öryggissvæðum, hafi þeir verið skilgreindir og sýna á skipulagsuppráttum eða á skýringarupprætti. Setja þarf skipulagsákvæði um frekari uppbyggingu/framkvæmdir á svæðunum, eftir því sem við á.

Raflínur og strengir

Í kafla 2.1.27 er m.a. sett fram stefna um að tvær 132 kV raflínur/strengir liggja að tengivirki á Rangárvöllum, Rangárvallalína 1 frá Varmahlíð og Kröflulína 1 frá Kröfluvirkjun. Jafnframt segir að Landsnet áformi að byggja tvær 220 kV línur, Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3. Að mati stofnunarinnar er þörf á að sýna núverandi og fyrirhugaðar loftlínur og háspennustrengi á skýringarupprætti ásamt heitum viðkomandi lína. Stefnu sveitarfélagsins um legu raflína og strengja fyrir næsta skipulagstímabil þarf að setja fram með skýrari hætti á skipulagsupprætti.

Minnt er á að rafstrengir (t.d. RARIK) þurfa að vera í samræmi við skipulag og því ástæða til að setja fram stefnu/skilyrði í tillögunni um hvar eða við hvaða aðstæður heimilt er að veita framkvæmdaleyfi fyrir minni rafstrengjum á grundvelli aðalskipulags og/eða ákvæði um málsmeðferð.

Í greinargerð þarf að tiltaka breidd helgunarsvæða raflína/strengja, sbr. umsögn Landsnets dags. 9. maí 2017.

Strandsvæði

Í kafla 2.1.18 er sett fram stefna um að öll strandlengja Akureyrar, Hríseyjar og Grímseyjar sé skilgreind sem strandsvæði. Skipulagsstofnun bendir á að endurskoða þarf ákvörðun um strandsvæði þar sem að á hluta af strandlengjunni er skilgreind landnotkun og heimildir til mannvirkjagerðar, svo sem á hafnarsvæðum og stangast því á við eðli flokkunar strandsvæða eins og þau eru skilgreind í skipulagsreglugerð. Afmarka þarf strandsvæði með lit á skipulagsuppráttum og greina frá hvaða skipulagsákvæði gilda á viðkomandi svæðum t.d. um mannvirkjagerð.

Náttúruvá

Á skipulagsupprætti af Grímsey og Hrísey ætti að koma fram til hvaða hönnunarhröðunarsvæða skv. EUROCOD 8 eyjarnar flokkast, þar sem ákveðnar kröfur eru gerðar til mannvirkjagerðar á slíkum svæðum, sbr. byggingarreglugerð.

Á skipulagsupprætti þarf að sýna hættusvæði vegna ofanflóða í Brekkunni/Innbænum á Akureyri og á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli. Í tillögunni þarf að koma fram hvaða takmarkanir eru þar í gildi samkvæmt hættumatinu.

Æskilegt er að í kafla 2.4 á bls. 79 í greinargerð (þýðing fyrir Akureyri) komi fram hvernig brugðist verði við loftslagsbreytingum s.s. losun gróðurhúsalofttegunda og hækkun sjávarborðs með skipulagsaðgerðum, sbr. ákvæði 3.7 í landsskipulagsstefnu.

Umhverfismat

Þar sem ákvæði tilskipunarinnar hafa verið tekin upp í íslenskum lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þarf að vísa til þeirra laga í stað þess að vísa til tilskipunarinnar.

Í skýrslunni er sett fram mat á áhrifum almennra markmiða skipulagstillögunnar. Stofnunin bendir á að skoða þarf hvort ástæða sé til að meta sérstaklega áhrif einstakra breytinga sem lagðar eru til

í tillögunni svo sem af stefnu um landfyllingar og samgöngur og veitur á þá umhverfisþætti sem við á.

Í kafla um umhverfisviðmið eru tilgreind heiti nokkurra laga. Minnt er á að gera þarf grein fyrir hvaða viðmið úr nefndum lögum voru notuð við mat á áhrifum. Stofnunin bendir á að á bls. 12 er vísað til viðauka 2, þar sem nánari umfjöllun er sögð vera um umhverfisviðmiðin. Í umhverfisskýrslunni er vísað til fleiri viðauka, en enginn þeirra fylgdi skipulagsgögnum.

Vægi áhrifa er flokkað í jákvæð og neikvæð áhrif en skýra þarf hvað liggur að baki því að tiltekin áhrif geti talist veruleg jákvæð eða talsvert neikvæð svo sem með tilliti til umfangs eða stærðar landssvæðis eða eðlis fyrirhugaðrar landnotkunar.

Í umfjöllun um áhrif atvinnulífs á vistkerfið eru áhrifin sögð vera: „neikvæð en verða að teljast óveruleg og metin óviss“. Þetta þarf að skýra þar sem áhrifin geta vart í senn verið talin óviss og óverulega neikvæð. Þá segir á sömu blaðsíðu um áhrif atvinnulífs á vatn, sjó, andrúmsloft og veðurfar: „Áhrifin munu verða bein, varanleg en afturkræf verði hreinsun skólps hætt eða ef mikið dregur úr bílaakstri“. Þetta þarf jafnframt að skýra betur.

Önnur atriði sem huga þarf að

Bent er á að fara þarf yfir samræmi stefnumörkunar í greinargerð og framsetningu hennar á skipulagsuppráttum. Sem dæmi má nefna framsetningu á skipulagsupprætti fyrir Grímsey þar sem tvö svæði eru merkt ÍB26 auk þess sem fjögur lítil íbúðarsvæði eru ónúmeruð, án þess að það sé skýrt í greinargerð. Þá virðist kirkjan í Miðgördum og kirkjugarðurinn tvítalinn í töflu yfir landnotkunarreiti, þ.e. bæði sem S46 og K5. Eðlilegra er að skilgreina viðkomandi svæði sem S46 þ.e. samfélagsþjónusta (kirkja og kirkjugarður) þar sem landnotkunarflokkurinn kirkjugarður á aðeins við þar sem kirkjugarður er staðsettur án tengsla við kirkju.

Tilgreina þarf hver er hámarksstærð þeirra landnotkunar svæða sem sýnd eru með hringtákn í skipulagsuppráttum í mælikvarðanum 1:10.000.

Tilfni er til að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands að nýju sbr. umsögn hennar dags. 18. apríl 2017.

Lagfæra þarf efnisyfirlit á bls. 2 í greinargerð þar sem tveir kaflar eru sagðir vera númer 1.2.

Gera þarf grein fyrir hvernig tillagan samræmist aðalskipulagi aðliggjandi sveitarfélaga.

Bent er á að fyrirhuguð starfsemi á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu AF4 Stapavík í Hrísey virðist fremur falla undir skilgreiningu verzlunar og þjónustu enn afþreyingar- og ferðamannasvæði. Skýra þarf hvað átt er við með „skemmtigarði“ bæði í Hrísey og Grímsey.

Á bls. 7 í greinargerð segir að þeir sem vilji kynna sér umhverfismat tillögunnar skuli lesa 4. Kafla en það kaflanúmer er ekki til í greinargerðinni.

Lagfæra þarf númer skipulagsreglugerðar á bls. 7 og 31 í greinargerð, en hún er nr. 90/2013.

Lagfæra þarf samtölu hafnarsvæða í töflu á bls. 43 og setja inn samtölu um heildarstærð kirkjugarða í töflu í kafla 2.1.13 á bls. 48.

Á bls. 46 er svæði AF1 tilgreint í töflu og sagt vera tjaldsvæði við Þórunnarstræti en einnig lýst sem þróunarsvæði. Svæðið AF1 er ekki sýnt á þéttbýlisupprætti af Akureyri. Þetta þarf að skoða og lagfæra eftir því sem við á.

Athuga þarf hvort rétt sé á bls. 46 þar sem Selaklappir eru tilgreindar bæði í Hrísey og Grímsey.

Athuga þarf dagsetningu kynningarfundar á bls. 15 í umhverfisskýrslu sem virðist ekki rétt.

Í undirritunartexta á skipulagsuppráttum þarf að lagfæra tilvísun í skipulagslög, sem á að vera „...sem auglýst hefur verið samkvæmt 30.-32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010“. Jafnframt þarf að taka út texta um fyrirvara um niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum þar sem hann er óþarfur.

Í skýringardálki á sveitarfélagsupprætti vantar að setja litatákn fyrir „Íþróttasvæði (ÍÞ)“.

Setja þarf tákn í skýringardálk fyrir flokkun vega.

Samræma þarf tákn fyrir „aðra náttúruvernd“ í skýringum annars vegar og á skipulagsuppráttum fyrir Hrísey og Grímsey hins vegar.

Skipulagsstofnun minnir á að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og eftir atvikum annarra samráðsaðila um umhverfisskýrsluna, sbr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana, hafi þeir aðilar ekki haft tækifæri til að tjá sig um hana.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á afgreiðslu málsins vegna þungrar verkefnastöðu hjá stofnuninni.


Hafdis Hafliðadóttir


Guðrún Halla Gunnarsdóttir